

Fundargerð 18. fundar

siðanefndar sambandsins

Árið 2019, mánudaginn 21. janúar kl. 14:00 kom siðanefnd sambandsins saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Sigurður Kristinsson, Erling Ásgeirsson og Anna G. Björnsdóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Uppfærðar leiðbeiningar um gerð siðareglna. - 1806010SA

Afgreiðslu málsins var frestað á síðsta fundi nefndarinnar þann 14. des. sl.

Rætt var um að bæta nýjum kafla við Leiðbeiningar um gerð siðareglna og hlutverk siðanefndar frá 2015. Tilefni þess eru MeToo frásagnir kvenna í stjórnámálum. Hafði nefndin til hliðsjónar m.a. CEMR Code of Conduct, apríl 2018. Formanni falið að gera drög að þessum nýja kafla í samræmi við umræður á fundinum.

2. Beiðni um fund með nefndinni - 1809011SA

Vigdís Hauksdóttir óskaði í tölvupósti 11. janúar sl. til ritara siðanefndar eftir fundi með nefndinni sem fyrst vegna álits nefndarinnar, dags. 14. desember 2018, í tilefni af erindi forsætisnefndar Reykjavíkurborgar, sbr. mál 1/2018.

Samþykkt var svohljóðandi bókun vegna málsins:

Í erindisbréfi og málsmeðferðarreglum siðanefndar eru helstu verkefni nefndarinnar orðuð þannig:

1. Að veita ráð um efni og framsetningu siðareglna og endurskoðun þeirra.
2. Að gefa út almennar leiðbeiningar til sveitarfélaga um túlkun siðareglna eftir því sem tilefni eru til.
3. Að fjalla almennt um skýringar á ákvæðum siðareglna með það fyrir augum að málum verði beint í réttan farveg. Nefndin hefur ekki úrskurðarvald um hvort siðaregla hafi verið brotin í ákveðnu tilviki heldur beinist umfjöllun hennar að því hvernig hægt sé að færa mál til betra horfs í framtíðinni.
4. Að veita sambandinu og stjórn þess aðstoð þegar þörf er á sérþekkingu sem nefndarmenn búa yfir, m.a. vegna námskeiða- og ráðstefnuhalds.

Í samræmi við töluliði 2 og 3 hér að framan var í erindi forsætisnefndar Reykjavíkurborgar til siðanefndar dags. 29. ágúst 2018 sérstaklega tekið fram, að ekki væri óskað eftir álit á því hvort tiltekin ummæli feli í sér brot á siðareglum, heldur almennri umfjöllun. Nefndin samþykkti 8. október 2018 að taka málið til afgreiðslu sem beiðni um leiðsögn og var einungis forsætisnefnd skilgreind sem málsaðili. Umfjöllun siðanefndar um málið lauk með álit á því sem sent var forsætisnefnd til leiðsagnar 14. desember 2018.

Í ljósi þessa er það niðurstaða nefndarinnar að ekki séu rök til þess að hún fundi með einstökum borgarfulltrúum til að ræða ofangreint mál.

Var starfsmanni nefndarinnar falið að senda Vigdísí Hauksdóttur bókun fundarins með tölvupósti.

3. Önnur mál - 1806011SA

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi var slitið kl. 16:00

Sigurður Kristinsson

Erling Ásgeirsson

Anna G. Björnsdóttir